

Hallgrímskirkja
Aftansöngur
gamlárskvöld 2017 kl. 18:00



Dr. Sigurður Árni Þórðarson prédikar og þjónar fyrir altari ásamt séra Irmu Sjöfn Óskarsdóttur.
Mótettukór Hallgrímskirkju syngur undir stjórn Harðar Áskelssonar.
Organisti er Björn Steinar Sólbergsson.
Einsöngvari er Elmar Gilbertsson.

Hugheilar þakkir fyrir liðið ár.

Takið virkan þátt í sálmasöng.

Forspil: Das alte Jahr vergangen ist BWV614, *eftir Johann Sebastian Bach.*

Upphafsbæn

Prestur: Í nafni Guðs, föður, sonar og heilags anda. Söfnuður: Amen.

Prestur: Hjálp vor kemur frá Drottni.

Söfn.: Skapara himins og jarðar.

Drottinn, ég er kominn í þitt heilaga hús til að lofa þig og ákalla og til að heyra hvað þú, Guð faðir, skapari minn, þú Drottinn Jesús, frelsari minn, þú heilagi andi, huggari minn, vilt við mig tala í þínu orði. Drottinn, heyr þú lofgjörð mína og bæn og opna þú með þínum heilaga anda hjarta mitt, fyrir sakir Jesú Krists, að ég fyrir þitt orð iðrist synda minna, trúi á Jesú í lífi og dauða og taki framförum í kristilegu hugarfari og lífverni. Bænheyr það, ó, Guð, fyrir Jesú Krist. Amen.

Sálmur

Eitt á enda ár vors lífs er runnið,
enn oss sendast Guðs af náðarbrunni
líkn, hjálpræði, lífsins gæði,
lán og næði -
hvarf það hræða kunní.

Hjartað dansi, honum lofgjörð inni,
hátt til ansi tunga, mannvit, sinni,
hver með gáti göfgi kátur,
Guðs náð játi,
líða' ei láti' úr minni.

Honum sálin hlýðni sverji vísa,
hans vort málið æ skal gæsku þrísá,
vort þakklæti veri' hans mæta
vilja' að gæta,
ást svo ætíð lýsa.

Honum felum hagsæld árs komanda,
hann sér vel um oss. Hvað mun þá granda?
Oss hann seka ei út rekur,
allan speki
hans burt hrekur vanda.

Alvöld mildin, öllu þú sem ræður,
enn góðvildar seð oss þinnar gæðum,
auðga dyggðum, hamla hryggðum,
hrind burt styggðum,
bú oss byggð í hæðum.

Þorvaldur Böðvarsson

Introitus

Prestur: Lofað sé nafnið Drottins héðan í frá og að eilífu.

Söfn.: Frá sólarinnar uppgöngu allt til hennar niðurgöngu
sé nafnið Drottins vegsamað.

Prestur: Dýrð sé Guði!

Söfn.: Dýrð sé Guði, föður, syni og heilögum anda, svo sem hún var frá upphafi er enn og
verða mun um aldir alda. Amen.

Kollekta

Prestur: Drottinn sé með yður.

Söfnuður: Og með þínum anda.

Prestur: Látum oss biðja ... um aldir alda.

Söfnuður: Amen.

Lexía: *Hlj 3. 21-26, 40-41*

Kórsöngur

Vér fetum brautu bjarta,

raddsetning: Johann Sebastian Bach. Texti: Gerhardt – Kristján Valur Ingólfsson

Guðspjall

Söfnuður stendur

Prestur: Guðspjallið skrifaði guðspjallamaðurinn Lúkas. 13.6–9

Söfn.: Guði sé lof og dýrð fyrir sinn gleðilegan boðskap.

Sálmur

*Fögur er foldin,
heiður er Guðs himinn,
indæl pílagríms ævigöng.
Fram, fram um víða
veröld og gistum
í Paradís með sigursöng.*

*Kynslóðir koma,
kynslóðir fara,
allar sömu ævigöng.
Gleymist þó aldrei
eilífa lagið
við pílagrímsins gleðisöng.*

Kórinngur syngur fyrstu tvö versin einn

*Fjárhirðum fluttu
fyrst þann söng Guðs englar,
unaðssöng, er aldrei þver:
Friður á foldu,
fagna þú, maður,
frelsari heimsins fæddur er.
Ingemann – Matthías Jochumsson*

Prédikun

Einsöngur Agnus Dei, eftir Georges Bizet

Bæn og Faðir vor

Exitus

Prestur: Að kveldi dags skuluð þér vita að Drottinn kemur.
Söfnuður: Og að morgni skuluð þér sjá dýrðina Drottins.
Prestur: Lát mína bæn vera flutta fram fyrir þig sem reykelsi.
Söfnuður: Og upplyfting minna handa sem kveldfórn.
Prestur: Önd mín lofar Drottin,
og minn andi gleður sig í Guði frelsara vorum.
Söfnuður: Hallelúja, hallelúja, hallelúja.

Blessun

Prestur: Þökkum Drottni og vegsömum hann.
Söfnuður: Drottni sé vegsend og þakkargjörð.
Prestur: Drottinn blessi þig ... og gefi þér frið.
Söfnuður: Amen, amen, amen.

Söfnuður stendur

Sálmur

Nú árið er liðið í aldanna skaut
og aldrei það kemur til baka,
nú gengin er sérhver þess gleði og þraut,
það gjörvallt er runnið á eilífðar braut,
en minning þess víst skal þó vaka.

En hvers er að minnast og hvað er það þá,
sem helst skal í minningu geyma?
Nú allt er á fljúgandi ferð liðið hjá,
það flestallt er horfið í gleymskunnar sjá.
En miskunnsemd Guðs má ei gleyma.

Hún birtist á vori sem vermandi sól,
sem vöxtur í sumarsins blíðum,
í næðingum haustsins sem skjöldur og skjól,
sem skínandi himinn og gleðirík jól
í vetrarins helkuldahríðum.

Hún birtist og reynist sem blessunarlind
á blíðunnar sólfagra degi,
hún birtist sem lækning við böli og synd,
hún birtist þó skærast sem frelsarans mynd,
er lýsir oss lífsins á vegi.

Nú Guði sé lof fyrir gleðilegt ár
og góðar og frjósamar tíðir,
og Guði sé lof, því að grædd urðu sár,
og Guði sé lof, því að dökk urðu tár.
Allt breyttist í blessun um síðir.

Ó, gef þú oss, Drottinn, enn gleðilegt ár
og góðar og blessaðar tíðir,
gef himneska dökk gegnum harmanna tár,
gef himneskan frið fyrir lausnarans sár,
og eilífan unað um síðir.

Valdimar Briem

Eftirspil: Tokkata og fúga í d-moll BWV565, *eftir Johann Sebastian Bach.*

Messur í Hallgrímskirkju á nýju ári:

Nýársdagur 1. janúar 2018: Hátiðarmessa kl. 14:00.

Sunnudagur 7. janúar 2018: Messa kl. 11:00.